

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 26.fundar verkefnahóps BsVest haldinn miðvikudaginn 6.febrúar kl. 13:00. Fundurinn var símafundur.

Mætt voru til fundar Arnheiður Jónsdóttir, formaður, Elsa Reimarsdóttir, Guðný Magnúsdóttir og Hildur Jakobína Gísladóttir. Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sat einnig fundinn ritaði hann einnig fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

1. Lögð fram fundargerð 25. fundar verkefnahóps frá 29. janúar s.l., fundargerð borin upp og samþykkt.

2. Fjárhagsáætlanir fyrir árið 2013.

Farið yfir fjárhagsáætlun félagsþjónustu Stranda og Reykhóla fyrir árið 2013, vísast til greinargerðar og umfjöllunar næsta stjórnarfundar. Frestað var umfjöllun um greinargerð félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar

3. Afgreiðsla styrkja vegna námskostnaðar, verkfæra og tækjakaupa.

Formaður kynnti afgreiðslu styrkja vegna námskostnaðar, verkfæra og tækjakaupa, fyrir árin 2011 og 2012 sem afgreiddir voru þann 10. desember s.l. í framhaldi auglýsingar í byrjun nóvember. 17 umsóknir bárust og voru samþykktir styrkir fyrir alls kr 621.079,-.

4. Stjórnarfundur BsVest 01.02.2013.

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir efnisatriði fundar stjórnar 1. febrúar s.l.. Fundargerð og minnispointar eru til yfirlstrar hjá stjórn og koma að nýju fyrir verkefnahóp með formlegum hætti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.00.